

„Að ég hafi ekki alltaf verið öllum til óþurftar“

Ég er fædd að Dalsmynni í Eyjahreppi Hnappadalssýslu 29. ágúst 1909. Foreldrar mínir voru hjónin Guðný Guðnadóttir og Kristján Eggertsson. Þau brugðu búi árið 1923 og fluttu til Reykjavíkur þar sem faðir minn gerðist starfsmaður heildverslunar sonar síns, Eggerts.

Þegar ég var 18 ára gömul kynntist ég Friðsteini Jónssyni, matsveini. Við felldum hugi saman og giftumst 10. febrúar 1929. Friðsteinn er fæddur 11. september 1903 að Skjaldfönn í Nauteyrarhreppi. Hann fór ungur til sjós og gerðist brátt matsveinn á ýmsum skipum. Síðar var hann um tíma við nám í matargerð hjá Elínu Egilsdóttur, sem rak Hótel Skjaldbreið. Einhverja fræðslu fékk hann einnig í þeirri grein í Bergen þar sem hann vann um skeið. Hann var matsveinn á togurum til ársins 1931. Þá réðst hann á Skeljung þar sem hann var bryti til ársins 1931. Á skipinu var hann sjálfstæður veitingamaður, seldi þar fæði við föstu verði. Fyrstu árin var það sémilega arðbært. En síðar gekk honum erfiðlega að fá hækkun á fæði sem nauðsynlegt var vegna sívaxandi tilkostnaðar við hráefniskaup. Það leiddi m.a. til þess að hann tók til við að huga að þeim möguleika sem vera kynnu á að fá starf í landi.

Um þessar mundir var veitingasala mörgum arbær atvinnurekstur í Reykjavík. Stríðið var þá í algleymingi, næg atvinna, aragrúi hermanna á höfuðborgarsvæðinu og miklir peningar í umferð. Við fréttum að annar eigenda veitingastofunnar Central í Hafnarstræti, vildi selja sinn eignarhlut. Hinn eigandinn var Sverrir, sonur Sigurðar Runólfssonar í Sjóklæðagerðinni. Við ákváðum að gerast meðeigendur Sverris. Við fengum lán gegn veði í húseign okkar við Ljósvallagötu og gerðum kaupin. Central var á neðstu hæð hússins nr. 18 við Hafnarstræti í því húsnæði þar sem verslunin Penninn er nú. Í austurenda hússins var kaffistofan Herðubreið. Helga Marteinsdóttir átti Herðubreið. Uppi á lofti var matsala konu sem Bjarnveig hét.

Gengið var inn í Central frá horni Hafnarstrætis og Kolasunds. Var þá komið inn í aðalveitingasalinn. Hluti hans var Kolasundsmegin í húsinu, og gengið var upp tröppur í þann hluta

veitingarýmisins. Að baki þessum sal og salnum Hafnarstrætismegin var eldhús og geymslur. Uppi á lofti voru nokkur herbergi þar sem starfsstúlkur okkar bjuggu.

Engar verulegar breytingar þurfti að gera eftir að við eignuðumst Central. Veitingastofan var snyrtileg. Tæki voru góð í eldhúsi og minnst ég þess t.d. að þar var uppþvottavél. Var það ekki algennt í litlum veitingahúsum á þessum tímum.

Sæti voru í veitingasalnum fyrir um 80 gesti. Á Central unnu alls um 14-15 manns. Friðsteinn sá um alla matargerð með aðstoð tveggja matreiðslukvenna. Sverrir Sigurðsson annaðist bókhald. Að öðru leyti skipti hann sér ekki af rekstrinum.

Almennur veitingarekstur var í Central, matur, kaffi og aðrar algengar veitingar, Viðskiptavinir okkar voru fólk sem stundaði vinnu í nágrenninu, auk annarra sem ekki voru þar staðbundnir við vinnu, Hermenn voru einnig góðir viðskiptavinir okkar. Samkeppni var aðallega við veitingastofuna Gullfoss í Hafnarstræti 17, sem Axel Sigurðsson rak, og Heitt og Kalt í Veltusundi, veitingastofu Guðlaugs Guðmundssonar. Þetta voru veitingastofur í svipuðum flokki og Central. Við reyndum að halda veitingastofunni þokkalegri en þess vegna sluppum við vel frá ásókn drykkju- og lausingjalýðs.

Til að byrja með gekk reksturinn á Central prýðilega. En brottför hermanna og minnkandi aðsókn leiddi síðar til þess að við ákváðum að loka salnum Hafnarstrætismegin. Þá héldum við einungis uppi veitingum í minni salnum og opnuðum inngang til hans frá Kolasundi. En svo kom til þess að við töldum hyggilegast að hætta einnig öllum veitingum þar. Það mun hafa verið síðast á árinu 1948.

Þegar við vorum orðin sannfærð um að engin framtíð væri lengur fyrir okkur í Central tókum við til við að huga að öðru húsnæði fyrir veitingarekstur.

Á Skólavörðustíg 3 var veitingastofa, sem nefndist Leifskaffi. Ekki man ég nú lengur hver var þar síðast til forstöðu. Við fréttum að þetta húsnæði væri til leigu og ákváðum að huga að því. Þetta var á neðstu hæð hússins þar sem nú er Blóm og Grænmeti og Mokka-kaffi. Kjallarinn, þar



sem áður var óhrjálegt geymslurými, var einnig til leigu.

Eigandi hússins nr. 3a við Skólavörðustíg var þá séra Magnús frá Vallanesi, en sonur hans, Páll lögfræðingur, annaðist samningagerð um leigu. Samningar tókust um að við, fyrri eigendur veitingastofunnar Central, tækjum þetta húsrými á leigu til 5 ára og breyttum því á eigin kostnað til samræmis við óskir okkar. Þó var um það samið að leigusali léti steypa gólfplötu á sinn kostnað.

Við tókum nú til við breytingar á húsnæðinu. Fremst var innréttuð veitingastofa. Innar af henni var lítið eldhús þar sem við gátum hitað kaffi. Í kjallara hússins innréttuðum við stórt eldhús. Þar voru einnig matvælageymslur.

Við endurbýggðum í rauninni allt frá grunni og gerðum það eins vel og við gátum. Ég tel að það hafi tekist vel. Sæti voru fyrir rúmlega 30 manns við borð í veitingastofunni. Þar var einnig barborð. Þaðan seldum við kaffi, goddrykki, ís og sælgæti. Á kvöldin settum við þar fram brauð og kalda rétti, sem gestir gátu valið sér. Mig minnir að sæti hafi verið við barborðið fyrir 6 gesti.

Leigusamningur var gerður árið 1947. En veitingastofuna opnuðum við í júlí mánuði sumarið 1948. Við nefndum veitingastofuna Vega.

Á Vega var almenn veitingasala. auk þess seldum við mikið af mat út í bæ, bæði heita og kalda rétti til veisluhalda.

Við seldum einnig mat til Loftleída, bæði til flugvélanna og þeirra farþega sem áttu stutta viðdvöl í Reykjavík á leið austur eða vestur um hafðið.

Friðsteinn sá um allan rekstur. Ég aðstoðaði hann eftir því sem mér var framast unnt.

Sverrir Sigurðsson annaðist bókhaldið til að byrja með. Rúmu ári eftir að við hófum starfsemi á Vega varð það aða samkomulagi að við keyptum hlut Sverris í fyrirtækinu. Eftir það vorum við ein eigendur þess.

Ég tel að Vega hafi mjög snyrtilegur veitingastaður, að mínum dómi frambærilegri en flestir veitingastaðir af svipaðri stærð í Reykjavík. Við eignuðumst stóran hóp góðra viðskiptavina. Reksturinn gekk vel og við undum hag okkar ágætlega. Við reyndum að bjóða einungis góðar veitingar og stilltum verðlagningu okkar í hóf. Starfsfólk okkar var ágætt.

Vegna alls þessa horfðum við björtum augum til framtíðarinnar fyrst eftir að við hófum starfsemi í Vega.

Áður en lokið var tímabili 5 ára leigusamningsins leituðum við eftir endurnýjun. Þá kom í ljós að leigusali vildi einungis gera samning við okkur til sex mánaða í senn og hækka húsaleiguna. Þessu fór fram um hríð. Hækkunin á húsaleigunni varð brátt svo gífurleg að augljóst varð að hún myndi verða allt of þungur baggi á rekstrinum. Við sannfærðumst um að til þess kynni að koma að eftir að búið væri að greiða húsaleigu yrði enginn afgangur af tekjum til kaupgreiðslna okkar. Þegar ógerlegt reyndist að sannfæra leigusalann um að við gætum ekki greitt þá húsaleigu, sem hann taldi sig þurfa að fá, var sá einn kostur nauðugur að hætta starfsemi í Vega og leita nýrra leída. Það gerðum við árið 1956. Mest af því verðmætasta sem við höfðum lagt til endurbóta í húsnæðinu var múr- og naglfast. Okkur þótti sárt að fara frá því en urðum vitanlega að gera það.

Húsnæðið var svo leigt öðrum. Mokka-kaffi leigði hluta þess. Mig minnir að Guðmundur Magnússon hafi byrjað veitingasölu í Mokka-kaffi skömmu eftir að við lokuðum Vega.

Um það leyti sem við ákváðum að loka Vega varð ljóst að húsrými í Breiðfirðingabúð væri til leigu. Húsið var eign Breiðfirðingafélagsins. Eftir að það eignaðist húsið komu þar til forstöðu hjónin Kristín Jóhannsdóttir og Lýður Jónsson. Síðar tók Steingrímur Karlsson við rekstrinum. Ég held að hann hafi komið í Breiðfirðingabúð

úr húsi Verzlunarmannafélagsins við Vonarstræti þar sem hann hélt upp í veitingarekstri. Hann vildi hætta störfum í Breiðfirðingabúð og þess vegna svipuðust forráðamenn Breiðfirðingafélagsins eftir nýjum leigjendum.

Húsnæðið var 164 fermetra veitingasalur á neðri hæð, um 70 fermetra salur á efri hæð, auk lítills funda- eða veitingasalar á efri hæð. Gengið var úr suðausturenda stóra salarins upp í veitingasalinn á annarri hæð. Eldhús var niðri í kjallara. Allt var húsnæðið sémilega á sig komið og einungis nauðsynlegt, að okkar dómi, að gera á því minniháttar lagfæringar.

Það varð að samkomulagi að við tækjum Breiðfirðingabúð á leigu í eitt ár. Við opnuðum 6. september 1956.

Breiðfirðingabúð var fyrst og fremst samkomustaður. Dansleikir voru haldnir niðri og stundum líka uppi. Margs konar félagasamtök leigðu húsnæði fyrir samkomur sínar. Þar voru haldnar árshátíðir, brúðkaup, fermingarveislur og önnur mannamót. Dansleikir voru um allar helgar og stundum oftar. Vegna þeirra urðum við að ráða til okkar hljómsveit. Við sömdum við hljómsveitina Orion, sem spilaði, meðan við höfðum húsið á leigu. Í henni voru margir góðkunnir hljóðfæraleikarar. Með sextett Orions söng t.d. Elly Vilhjálms, sem var mjög vinsæl. Auk Orions unnu einnig aðrir hljóðfæraleikarar fyrir okkur þegar samkoma var uppi á efri hæðinni en stórdansleikir niðri.

Að fenginni reynslu í Central og á Vega sannfærðumst við Friðsteinn um að okkur félli best að halda uppi almennum veitingarekstri. Við vonuðum að það yrðu unnt í Breiðfirðingabúð. Þess vegna settum við upp mat- og kaffisölu. Í fyrstu fylgdu okkur þangað margir af þeim viðskiptavinum sem við höfðum átt á Vega. En smátt og smátt fækkaði þeim. Ég held að til þess hafi m.a. legið þær ástæður að húsnæðið var aldrei eins aðlaðandi og á Vega. Í öðru lagi var kvöldverður framreiddur í veitingasalnum uppi á lofti og máltíðum þar þurfti alltaf að ljúka snemma til þess að unnt væri að taka til við undirbúning þeirra verkefna sem þar biðu síðar. Þetta, að því ógleymdu að Breiðfirðingabúð var í bakhúsi en Vega við götu, olli því að við sannfærðumst smám saman um að örðugt myndi að halda uppi almennum veitingarekstri í Breiðfirðingabúð. Dansleikjahald og leiga á húsnæði til samkvæma freistaði okkar

ekki. Þess vegna ákváðum við að biðja ekki um framlengingu á leigusamningi okkar. Starfstíminn í Breiðfirðingabúð varð af þessum sökum ekki nema rúmt ár. Eftir að við fórum tók Sigmar Pétursson við rekstri Breiðfirðingabúðar.

Veitingastaðurinn Gildaskálinn var í Aðalstræti 9, sem var timburhús, eign Þórðar Jónssonar úrsmíðs. Sonur Þórðar, Ragnar lögfræðingur, mun hafa efnt fyrst til veitingareksturs í Gildaskálanum. Nokkrir meðeigendur voru í þessum veitingarekstri en Ragnar var aðaleigandinn. Ég veit ekki hvenær Ragnar stofnaði Gildaskálann, en það var áður en S.V.G. var stofnað þar sem störf Ragnars að veitingamálum í Gildaskálanum leiddu til þess að hann varð einn af stofnendum og síðar fyrsti framkvæmdastjóri S.V.G.

Það mun hafa verið seint á árinu 1956 að um það samdist að við Friðsteinn keyptum hluta Ragnars og félaga hans í Gildaskálanum. Upp úr því hófum við veitingarekstur þar.

Húsrýmið var á neðstu hæðinni. Gengið var inn frá Aðalstræti. Aðalveitingasalurinn var til hægri þegar inn var komið. Í hann var gengið upp tröppur. Beint á móti innangengt var annar salur. Í hann var einnig gengið upp tröppur. Í stærri veitingasal voru borð út við glugga, Aðalstrætismegin. Öðru veitingasvæði var skipt niður í hólf eða bása. Voru fjögur hólf við vegg að sunnanverðu, hvert ætlað fjórum gestum. Fjórar tveggja manna stúkur voru við vegg að norðanverðu. Borð voru á miðju gólfi. Samtímis gátu um 44 gestir setið við borð í stærri salnum. Niðri og uppi á palli í minni veitingasal gátu samtímis verið 16-20 gestir.

Eldhús var að austanverðu við stærri veitingasalinn. Framan þess var afgreiðsluborð. Góðar geymslur og aðstaða til kjötvinnslu var niðri í kjallara. Þar var einnig bókunarfórn. Tæki voru góð í eldhúsi. Aðalmatreiðslumaður var Ásgeir Guðbjartsson úr Hafnarfirði. Auk okkar Friðsteins var um 15 manna starfslið í Gildaskálanum. Annars vann ég lítið í Gildaskálanum. Friðsteinn hafði allan veg og vanda af rekstrinum.

Gildaskálinn var mjög vistlegur. Stúkurnar veittu gestunum næði. Þess vegna þótti mönnum gott að vera þar. Við seldum mat, kaffi og aðrar algengar veitingar. Einnig seldum við frá Gildaskálanum mat út í bæ til veisluhalda.

Reksturinn gekk sómasamlega hjá

okkur a.m.k. til að byrja með. Við höfðum bærilgar tekjur en græddum ekki verulega fé. Síðari árin varð á sú breyting að þeim fækkaði mjög sem keyptu sér hádegisverð á veitingahúsum í miðbænum. Til þess lágu m.a. þær ástæður að sameiginlegum mótuneytum starfsfólks var víða komið upp. Auk þess urðum við vör þeirrar fækkunar umferðar í miðbænum, sem síðar hefur einkennt öfugþróunina þar. Þetta leiddi til þess að við urðum smám saman afhuga því að halda áfram starfsemi okkar í Gildaskálanum.

Árið 1966 seldum við Gildaskálann. Kaupandinn var Aðalheiður Jónsdóttir. Hún rak Gildaskálann í stuttan tíma. Húsið brann og með því urðu sögulok. Síðari hluta árs 1966 ákváðum við að kaupa veitingarekstur í húsinu nr. 28b við Laugaveg. Ég tel að Magni Guðmundsson hafi stofnað þar fyrst til veitingareksturs. En þegar við keyptum var Brandur Búason eigandi ásamt tveim mönnum. Þá var almenn veitingasala á neðri hæð hússins.

Húsið var þá eign Þorgríms Tómassonar og Sigurðar Njálssonar.

Aðalinnangangur var frá Laugavegi. Frá anddyri var gengið inn í veitingasal. Til hliðar við hann voru snyrtiherbergi. Annar minni salur var inn af aðalsalnum. Afgreiðsluborð var að sunnanverðu í salnum. Ég reikna með að um 70 manns hafi rúmast í afgreiðslusölunum báðum.

Eldhúsið var til hliðar við litla salinn og bakvið hann. Ágætur bökunarofn var í eldhúsi. Litli salurinn og eldhúsið voru í tengibyggingunni milli fremra hússins og gamals húss sem er á baklóðinni. Í þessu gamla húsi var kjötvinnslan, matstofa starfsfólks og snyrtiherbergi. Geymslur voru uppi á lofti í bakhúsinu. Þar var einnig skrifstofa okkar.

Sjálfsafgreiðsla var við veitingaborðið í stóra salnum. Þar höfðum við marghólfað hitunarborð. Í hádegi vorum við jafnan með eina eða tvær tegundir af súpum og þrjá rétti af heitum mat. Á kvöldin höfðum við venjulega tvær tegundir af súpum, tvo kjötrétti og tvo fiskarétti. Á kvöldin vorum við einnig með kalda rétti á diskum. Við bökuðum sjálf allt nema brauð. Kaffiveitingar voru einnig með sama hætti og afgreiðsla á mat. Fólk valdi sér kaffibrauð við afgreiðsluborðið. Hjá okkur var mikið um kaffiveitingar, að því er ég held aðallega vegna þess að við gátum alltaf boðið nýbakað og nýsmurt brauð.

Ég kunni vel við þessa afgreiðsluhætti.

Vitanlega kom það fyrir að óþægilega mikið varð afgang frá þeim réttum sem á boðstólum voru. En við lærðum smám saman að átæla hæfilega hve mikið yrði selt. Við höfðum prýðilega kælskápa og áttum aldrei í neinum verulegum vandræðum með þann mat sem stundum varð afgang. Friðsteinn var mikill snillingur í meðferð matvæla. Hann vandaði vel til kaupa á hráefnum og fór vel með mat. Ég minnst þess t.d. aldrei frá hinum langa veitingafeli okkar að gestir fengju illt í maga af að neyta matar frá okkur, hvort sem um var að ræða veislumat eða þá rétti sem bornir voru fram í veitingahúsum.

Viðskiptavinir okkar á Laugaveg 28b voru úr öllum stéttum, karlar og konur, sem þurftu af einhverjum ástæðum að fá sér að borða í ódyru, en þokkalegu veitingahúsi. Það mun hafa verið árið 1974 að ég og fjölskylda mín keyptum hálfu húseignina að Laugavegi 28b. Eigandi hússins að hálfu er enn Sigurður Njálsson.

Við Friðsteinn rákum saman veitingasöluna að Laugavegi 28b allt til þess að Friðsteinn dó af slysförum árið 1971. Þá hélt ég áfram rekstrinum með svipuðum hætti og hann var áður, til ársloka 1976. Þá seldi ég Magnúsi Björnssyni. Hann breytti ýmsu, opnaði svo veitingastað sem hann nefndi Ask, haustið 1977. Fyrri hluta árs 1980 seldi hann Ask á Laugavegi 28b og veitingastofuna Ask við Suðurlandsbraut þeim Pétri Sveinbjarnarsyni og Hauki Hjaltasyni.

Ástæðan til þess að ég hætti veitingastarfseminni er sennilega sú að mér fannst að ég væri orðin of gömul og þreytt til þess að gera þær breytingar sem ég taldi nauðsynlegt að láta framkvæma til þess að koma veitingarekstrinum að Laugavegi 28b í það horf sem ég taldi æskilegt.

Til þess að ekkert sé úr fellt af því sem við Friðsteinn tókum okkur fyrir hendur sameiginlega hér í Reykjavík verður að nefna Fjarkann, sem var lítil veitingastofa á fyrstu hæð hússins nr. 4 við Austurstræti. Árið 1958 átti þá veitingastofu Ólafur Ólafsson, sem lengi var kenndur við Brytann í Hafnarstræti. Þetta var mjög lítil kaffistofa. Niðri var afgreiðsluborð, nokkur borð og stólar, uppi eldhús og aðstaða til að smyrja brauð. Lyfta var milli eldhúss og afgreiðslu.

Við keyptum þessa kaffistofu af Ólafi árið 1958. Í Fjarkanum seldum við einungis kaffi, gosdrykki, kökur og brauð. Við bökuðum í Gildaskálanum og sendum

vörurnar þaðan í Fjarkann. Álegg sendum við einnig frá Gildaskálanum.

Sex stúlkur í Fjarkanum, þrjár á hvorri vakt. Ein þeirra var Sveinbjörg Hermannsdóttir, sem veitti Fjarkanum forstöðu fyrir okkur.

Rekstur Fjarkans gekk misjafnlega. Ég held að hann hefði tæplega orðið arðbær ef ekki hefði komið til sá stuðningur sem honum var veittur af Gildaskálanum.

Við seldum Fjarkann á sama tíma og Gildaskálann. Kaupandi var Katla Dagbjartsdóttir. Hún var sambýliskona Árna Haraldssonar. Þau ráku Fjarkann allengi. Mér er sagt að dóttir Kötlu hafi nýlega tekið við rekstri Fjarkans.

Í þessum minningabrotum hef ég ekkert tínt til sem varðar störf Friðsteins í þágu S.V.G. Ástæðan er sú að mér er sagt að búið sé að skrú samantekt um S.V.G. þar sem gerð sé grein fyrir þætti Friðsteins. Læt ég því kyrrt liggja þó að ég eigi margar og góðar minningar frá kynnum okkar af mönnum og málefnum vegna starfsemi Friðsteins innan vébanda S.V.G.

Árið 1945 ákvað stjórn Félags Snæfellinga og Hnappdæla að kaupa gamalt íbúðarhús að Búðum á Snæfellsnesi. Var þetta gert að frumkvæði þáverandi formanns félagsins, Ásgeirs Ásgeirssonar frá Fróðá. Hann hafði tröllatru á að með friðun Búðahrauns og veitingarekstri að Búðum yrði þar hvort tveggja í senn, stórt friðlýst svæði og blómlegur veitingarekstur. Örstutt saga gamla íbúðarhússins er sú að árið 1835 breytir Clausen kaupmaður litlu íbúðarhúsi sem þá var á Búðum. Eftir stækkunina nefndist það Sandholtshús vegna þess að Árni Sandholt settist þar að. Árið 1906 kaupir Finnboði kaupmaður Lárusson húsið. Hann byggði ofaná það og bjó þar næstu tvo áratugin með fjölskyldu sinni. Árið 1927 keyptu þeir Jónas Gíslason og Osvald Knudsen húsið. Síðar seldu þeir ríkinu húsið en af ríkinu keypti Snæfellingafélagið, og fékk síðar 25 ára ábúðarrétt á jörðinni hálfri. Sá hluti var síðar nytjaður, án endurgjalds, afbóndanum að Búðum, Magnúsi Einarssyni.

Eftir að Snæfellingafélagið eignaðist íbúðarhúsið var hafinn þar veitingarekstur á vegum þess. Margt olli því, m.a. fjárskortur til nauðsynlegra endurbóta á húsinu og kaupa á nauðsynlegum tækjum og innanstokksmunum, að þessi rekstur gekk illa. Ásgeir sannfærðist loks um að skynsamlegasta leiðin til að tryggja rekstur sumarhótelis að Búðum væri sú að stofna um hann hlutafélag með þátttöku

nokkurra Snæfellinga og aðild félagsins. Í undirbúningsviðræðum um þetta kom í ljós að helstu forráðamenn félagsins höfðu hug á að við Friðsteinn gerðumst hluthafar og önuðumst reksturinn, a.m.k. meðan verið væri að koma honum í sómasamlegt horf. Þetta varð að ráði. Hlutfélagið var stofnað vorið 1955. Þar eignuðumst við Friðsteinn upphaflega 2/9 hluta. Þar sem Friðsteinn var í fullu starfi hér í Reykjavík varð það að samkomulagi að ég færi til Búða og starfaði þar en Friðsteinn annaðist fyrir mig innkaup hér í Reykjavík og aðstoðaði mig á annan hátt eftir því sem honum væri unnt. Ég fór vestur og opnaði þar sumargistihús nýja hlutfélagsins um vorið. Þannig hófst 15 ára starfsferill minn að Búðum.

Húsaskipan var þannig á Búðum að gengið var inn í gamla timburhúsið að norðanverðu. Tvö snyrtiherbergi voru í anddyri. Þegar komið var inn í forstofu var lítið eldshús á hægri hönd og inn af því búr. Á vinstri hönd var skrifstofuherbergi, sem ég svaf í. Í því herbergi var almenn afgreiðsla og símaþjónusta. Frá forstofu var gengið inn í borðstofu. Þaðan var innangengt í setustofu sem var að suðaustanverðu í húsinu. Uppi á lofti voru 8 gistiherbergi. Þar voru tvö salerni en enginn baðklefi.

Um þrem árum eftir að ég tók við Búðum byggðum við skála vestanvert við húsið. Þangað færðum við eldhúsið og jukum fyrra eldhúsrými við borðstofuna. Árið 1961 var byggt ofaná skálann. Samtímis var breytt þannig uppi að tveim baðherbergjum var bætt við. Með viðbyggingunni jókst fjöldi herbergja og urðu þau alls 11.

Í starfsmannahúsi voru 6 herbergi sem við notuðum aðallega fyrir starfsfólk. Stundum skutum við þar einnig skjólshúsi yfir gesti. Árið 1965 var einlyft bygging reist við húsið að austanverðu. Hana teiknaði Halldór Hjálmarsson, arkitekt, en yfismiður var Jón Guðmundsson frá Hveragerði, Hann lauk smíðinni á 40 dögum og var þar fljót og vel að verki staðið.

Upplýsingarstarfið að Búðum var mjög erfitt. Fjárskortur olli því að ekki var unnt að ráðast í þær framkvæmdir sem nauðsynlegar voru fyrr en of seint, og með öðrum og fátægri hætti en þeim sem við hefðum helst kosið. Af þessu leiddi bæði ótrúlegt erfið og óánægju með að geta ekki látið þá góðu þjónustu í té sem við vildum veita. Við urðum t.d. fyrstu árin að fá rafmagn frá vél, sem var mjög duttlungafull, og þar sem konur voru einar að störfum fyrstu árin að Búðum lætur að líkum að við urðum margt

að gera, sem karlmönnum einum var ætlað annars staðar.

Aðdrættir voru alltaf mjög örðugir. Við fengum vörur með bíl sem fór tvisvar í viku frá Reykjavík til Ólafsvíkur. Kjöt keyptum við oft frá bændum heima í héraði. Frá Borgarnesi fengum við mjólk, skyr, rjóma og osta, fisk frá Ólafsvík. Á vorin reyndum við að birgja okkur upp með mjölvöru og niðursuðuvörur. Austan hússins var lítil, einlyft bygging. Í fremri hluta hennar var þvottahús en innan þess kæligeymsla. Aðstaða til geymslu matvæla var mjög viðunandi.

Búðir urðu fljótlega mjög vinsæll sumargististaður. Við reyndum oftast að hafa opið frá júní fram í september. Síðari árin lengdum við starfstímabilið með því að fá hópa af snæfellskum konum í orlofsdvöl eftir að búíð var að loka hótelinu fyrir venjulega gesti.

Við eignuðumst fljótlega góða viðskiptavini, innlenda og erlenda, sem voru árlega langdvölum að Búðum. Einna þaulsætnastur þeirra, sem helst vildu hvergi vera nema að Búðum að sumarlagi var Árni Óla rithöfundur. Ásgeir forseti, Laxness rithöfundur og margir fleiri nafnkunnir menn voru í hópi góðra viðskiptavina okkar. Við áttum ágætt samstarf við ferðaskrifstofur, sem sendu okkur hópa t.d. marga sem dvöldu hér við náttúruskoðun. Góð samvinna var við erlend sendiráð, sem höfðu milligöngu um að útvega útlendingum gistingu hjá okkur. Algengt var að fólk dveldi hjá okkur í vikutíma en flestir voru þó skemur.

Ég hafði hlaðborð á morgnana, þríréttaðan heitan mat um hádegi, kalt borð með einum heitum rétti á kvöldin. Köldu borðin okkar urðu mjög vinsæl. Fólk úr nágrenni Búða gerði sér oft dagamun með því að koma til að fá kvöldverð hjá okkur. Ég sótti aldrei um vínveitingaleyfi, kærði mig ekki um það.

Mér er óhætt að fullyrða að ég vann hvorki fyrr né síðar á Búðum í fjáröflunarskyni. Búðir urðu okkur Friðsteini aldrei til mikils ábata. Fyrstu árin gat ég ekki reiknað mér neitt kaup. Síðar fékk ég nokkur hlutabréf sem þóknun en síðustu árin reiknaði ég mér lágt kaup. Ég tel að það hafi fyrst og fremst verið mér metnaðarmál að rekstur sumarhótelsins yrði mér aldrei til skammar.

Það atvikaðist strax að ég eignaðist marga vini vegna starfa minna við Búðahóтелиð. Það olli því að þó að vinnan

væri oft erfið og starfsdagurinn langur veittist mér sú lífsfylling, sem ekki verður keypt fyrir fé. Margar greinar birtust um Búðir í blöðum, og tímaritum. Ég held að þær hafi undantekningarlaust allar verið okkur mjög vinsamlegar. Mér bárust bréf frá innlendum og erlendum dvalargestum sem þökkudu góða viðkyrningu. Þetta, og ótal margt annað, olli því að ég trúði því sjálf að þrátt fyrir alla örðugleikana hefði mér auðnast að eiga þátt í að afla Búðum vinsælda. Vegna þess varð staðurinn mér mjög kær og endurminningar um dvölinna þar ylja mér enn um hjartarætur. Ég hef sýnt þér margar góðar gjafir sem mér bárust frá listamönnum sem dvöldu að Búðum og öðrum sem staðfestu þakkklæti sitt með því að færa mér fagra hluti. Allt þetta yljur í ellinni og eykur mér þá trú að ég hafi ekki alltaf verið öllum til óþurftar.

Árið 1970 var Friðsteinn orðinn svo heilsuveill að ég varð aðallega að vera í Reykjavík um sumarið. Ég réði Guðmund Magnússon bryta til að veita Búðahóтелиnu forstöðu. Guðmundur annaðist einnig reksturinn um sumrið 1971.

Hinn 13. september 1971 lauk Búðaaævintýri mínu með því að tveir meðeigendur okkar, Friðrik og Markús Alexanderssynir, keyptu eignarhluti mína og fjölskyldu minnar í hótelinu. Þeir héldu uppi nokkrum rekstri með misjöfnum árangri. Haustið 1979 seldu þeir Búðahóтелиð Ásbirni Magnússyni frá Akureyri.

Til þess mun áreiðanlega koma fyrr eða síðar að draumar okkar Snæfellinga um mikla framtíð Búða fyrir innlenda og erlenda ferðamenn verða að veruleika. Því veldur einkum mikil og sérstæð náttúrufergurð og forn sögufræði Búða og nágrennis þeirra. Af því sem um Búðir hefur verið ritað síðari ár vil ég einkum minna á að árið 1960 birti Árni Óla fimm greinar um Búðir í Lesbók Morgunblaðsins. Í bók hans, „Undir jökli“ er einnig að finna mikinn fróðleik um Búðir að fornu og nýju. ❀